

FRUMLÍF OG FRAMLÍF

(A first outline of cosmic biology)

Est vita post mortem, secunda in corpore novo,
Physico videlicet, ac super nova tellure. —

Human life starts on certain primitive planets, in beast-descended bodies of sexual origin. It continues on other planets, in bodies of regenerative origin, materialisations in a vital field. The 17th century saw the beginning of cosmic mechanics (Newton); the 19th, that of cosmic chemistry (Kirchhoff). Now we are having the beginning of cosmic biology.

I

Hinn heimskunni enski Assyríufræðingur, prófessor Sayce, segir í ævisögu sinni frá fundum Múhameðstrúarmanna, er hann var viðstaddur. Höfðu menn þessir fyrst ýmsa undarlega tilburði, allir nokkurnveginn á eina leið. En er svo hafði gengið um hríð, þá trylltust þeir. Tóku þeir þá upp hnifa og skáru sig stóra skurði, og enn veittu þeir sér ægileg sár með trénálum, rifu sundur hold og hörund. En sár þessi greru jafnharðan. Kveðst próf. Sayce, oft hafa verið á trúarfundum slíkum, og staðið svo nálægt þeim, sem sjálfir veittu sér sárin, að hann gat tekið á þeim.

Alflestir munu engan trúnað leggja á þessa sögu prófessorsins, enda þótt fleiri séu en hann til frásagnar um slíka atburði. Og þó er þetta ekkert ótrúlegt, heldur einmitt það, sem búast mátti við, ef menn þekkja undirstöðulögþmál lífsins; magnan frá öflgari lífverum, fyrir samstilling. Allir mennirnir, sem Sayce segir frá, höfðu nákvæmlega sömu trúarskoðanir, og þeir samstilltu sig líkamlega, með hinum undarlegu og áköfu tilburðum. En samstillingin er hið nauðsynlega skilyrði fyrir sambandi við líföflgari verur og þar með fyrir magnaninni.

II

Furðulegt er nú að sjá, hverju ljósi þekking á þessum lögmálum, sem nú var vikið á, bregður yfir eigi einungis atburði eins og þá, sem Sayce segir frá, heldur einnig ýmsar sögur af ástandinu eftir dauðann. Verður aðeins fátt eitt af því hér sagt, en nákvæmlega síðar, í riti sem á að heita Cosmic Biology (Alheimsliðfræði), eða eitthvað sem því svarar. Vita verður, að lífið eftir dauðann er engu síður líkamlegt og jarðneskt en lífið fyrir dauðann, og bið ég að taka vel eftir því, að þetta er ekki nein tilgáta, heldur nokkuð sem ég, eftir langa rannsókn, veit alveg eins áreiðanlega og það, að fjallið Esja, sem prýðir svo útsýnið héðan frá Reykjavík, er ekki þokubakki, heldur hæð af grjóti gerð. Dauðinn kemur af því, að líkaminn er á útstöðvum lífsins, slíkum sem vorri jörð, ekki nógu samstilltur við aðra líkami, og verður þess vegna ekki nógu sterkur, getur ekki orðið nægilegrar magnanar aðnjótandi frá líföflgari verum. — Líkamirnir eru í öðru lífi miklu samstilltari, og af því er aðallega sprottinn munurinn sem er á fyrsta lífi, lífinu hér á jörðu, og öðru lífi, lífinu á annarri jörð: hin aukna samstilling veldur mjög auknu sambandi við lengra komnar lífverur, annarsstaðar í stjörnuheimi. Líkamirnir í fyrsta lífi eru framkomnir fyrir samstarf foreldra (of sexual origin), eins og kunnugt er, en líkamirnir í öðru lífi verða til fyrir materialisation, snögga efnistöku, á því afslvæði, sem þeim er skyldast (of regenerative orgin). Þetta er sannleikurinn um hina margnefndu endurholdgun, reinkarnation, menn endurlíkamast á annarri jörð; en hitt er slæmur misskilningur, að menn fæðist aftur og aftur á þessari jörð, nú hjá inni þjóð, nú hjá annarri, nú í inni ætt, nú í annarri. Hið afarsterka afslvæði, sem verður þar sem lifa milljónir af samstilltum einstaklingum, eins og sogar til sín skyld einstaklingsafslvæði, og af því veljast saman í öðru lífi, þeir sem líkir eru og líkastir, svo að t.d. illmennið kemur, eftir dauðann, fram þar sem eintóm illmenni eru fyrir, og fær af þeim að reyna slikt, sem hann hafði öðrum gert og fyrirhugað. Á þá leið er það, sem mönnum hefnist að lokum með

nákvæmu réttlæti fyrir ill verk, en ekki þannig, að einhverjar góðar verur sitji yfir því, að kveða upp dóma yfir hinum framliðnu, og hafi bödla til að framkvæma þá. Hinar góðu verur hugsa eingöngu um að hjálpa, mýkja bölið, draga úr þjáningunum. Allt er þetta stórkostlega og aðdáanlega lög-mál svo ljóst og auðskilið, í öllum aðalatriðum, að engum er ofvaxið að átta sig á því, enda þarf svo að vera, því að þetta er einmitt það, sem allir þurfa að skilja, og reyna að haga lífarni sínu eftir. Menn þurfa að skilja, að afleiðingarnar af breytni þeirra og hugarfari, munu með hinni mestu nákvæmni koma fram við þá sjálfa, en hitt má ekki ímynda sér, að í hinu fyrsta lífi geti réttlætið náð að ráða. Hversu langar sem oss kunna að þykja þrautastundirnar, þá er hið fyrsta líf, frumlífið, aðeins sem nokkur augnablik, þegar miðað er við það, sem á eftir kemur, framlífið.

III

Líti menn nú, í ljósi þess, sem að framan er greint, á sumt, sem vér höfum fengið að vita úr þeim átrúnaði, sem mér þykir merkilegastur, en það er Ásatrúin. Að endurlíkaman á afslvæði lýtur sagan af Gullveigu (Völuspá). Hún er dreppin og brennd síðan til ösku, en endurlíkamast og lifir eftir sem áður, þó að hún sé hvað eftir annað dreppin og brennd. Á því afslvæði á hún heima, og meðan afslvæðinu er ekki breytt, er engin leið að útrýma henni. Þá er fróðleg sagan af Einherjum. Þeir berjast á degi hverjum, og fellir hver annan, en þó ríða þeir allir heilir frá orustunni heim til Valhallar. Vegna hinnar miklu samstillingar Einherja, verða líkamirnir jafnskjótt heilir, hversu stór sár sem þeir fá. En slíkar sögur styðja oss til að skilja, að Goðin og Einherjar hafa í raun og veru til verið, en eru ekki einungis heilaspuni og skáldskapur.

IV

Menn munu fljótt skilja, að stórir ókostir geta fylgt hinni auknu samstillingu í öðru lífi. Hennar vegna verða pindingar á hinum illu stöðum svo þrálátar, því að þó að líkaminn sé af lífi tekinn á kvalafullan hátt, þá verður hann jafnharðan heill aftur, líkt og sár Múhameðstrúarmannanna, sem

Sayce segir frá, greru þegar í stað. Af slíku er mikið sagt í bók eftir J. S. M. Ward, sem heitir *Gone West*, og er þrátt fyrir ýmsan illkynjaðan misskilning, ein af merkilegustu bókum lútandi að líffræði, sem ég hefi lesið. Hermaður einn og illmenni, en þó ekki alveg án drengskaparþátta, segir þar ýmislegt af ævi sinni og dvalarstöðum eftir dauðann, og er margt af því þannig vaxið, að það ber á sér glögg merki sannleikans. Hermaður þessi segir frá því, er hann kemur þar sem „læknar“ (illmenni sem í fyrsta lífi höfðu unnið grimmdarverk) eru að rista sundur lifandi menn og konur, vöðva fyrir vöðva og taug fyrir taug. En þegar þeir hafa gengið frá líkómunum flakandi, þá grær allt aftur, svo að þeir geta á nýjan leik tekið til að kvelja hin ógæfusömu illmenni, sem með grimmdarfullu athæfi sínu í fyrsta lífi, höfðu skapað sér svo skelfilega framtíð. En ekki þarf neinn, sem ekki er illmenni og morðingi, að kvíða því, að hann verði lagður á slík skurðarborð.

Frásogn sú, sem vikið er að, er fróðleg einnig vegna þess, hversu vel hún sýnir, að það er ekki andaheimur, sem verið er að segja frá. Í lýsingu spíritista á öðru lífi, er oft sagt, að menn geti þar ekki dáið. En það er misskilningur. Þegar einhver á slíkum stað, sem nú var minnst á, fer að ásetja sér að bæta ráð sitt, og vinnur eitthvert góðverk, þá verður hann ósamstilltur illmennunum, sem þar eru, og á þá ekki heima framar á því aflsvæði, getur dáið, og líkamnast síðan á betri stað. Þó virðist svo, sem ýmsum sé hjálpað til þess að komast á framfarabraut, án þess að þeir þurfi að deyja til að losna burt úr hinum illa stað. Mun ég rita um þetta margt, þegar mér tekst að koma af bók, sem á að heita *Framlífssögur*.

V

Betur og betur eru menn að skilja, hversu stórkostlegt fyrirtæki — ef svo mætti að orði komast — heimurinn er. Samkvæmt nýjustu rannsóknum amerískra stjörnufræðinga, eru í þessum stjörnusveip, sem vér köllum vetrarbraut, um 30.000 milljónir af lýsandi sólum, en mörgum sinnum fleiri þær sólirnar, sem ekki eru nógu heitar til að lýsa; eru

þá ótaldar jarðstjörnurnar, heimkynni lífsins, en í voru sól-hverfi eru yfir 1.000 jarðstjörnur, flestar að vísu mjög smáar (smástirni), eins og kunnugt er. Og svo mjög sem oss vex í augum slíkt hnattasafn með billjónum á billjónir ofan af sólum og fylgihnöttum, þá er það ekki nema eins og smáögn (molecule) í hinni miklu smið stjörnuheimsins. Á óteljandi grúa af hnöttum, sem líkjast vorri jörð, er lífið eins og á útjaðri; á slíkum frumstöðvum, er kalla má, vex lífið upp af lítilli byrjun, flyst síðan þaðan til annarra hnatta á þann hátt, sem áður hefir verið sagt, og þroskast þar áfram. Nú er það sem ríður á að gera sér ljóst, að á þessari frumstöð sem vér köllum jörð, hefir lífið mistekist, er misskapnaður og vanskapnaður. Svo erfitt hefir hér verið fyrir það afl, sem í þessum mikla heimi, er að sækja fram til fullkomnumar, að 500—1000 milljónir ára hefir þurft til að skapast úr efnum hnattar vors, þessi vera er vér nefnum mann, og ófarsælli er en nokkurt annað dýr jarðarinnar, þó að vitrari sé. Vort hlutverk er nú að ráða á þessu þá bót, að lífið á jörðu hér fari að takast, verði farsælt og sigursælt. Og nú getur þetta orðið. Nú fyrst er vitað, hvað að er: skortur á samstillingu við hin fullkomnari tilverustig á öðrum jarðstjörnum, og nú, hvernig bót verður á ráðin. Vér, sem hér erum í fyrsta lífi, verðum að samstilla oss betur hinum fullkomnari, og ná þannig betri magnanarskilyrðum. Og í þessum efnum eigm vér Íslendingar að hafa forgöngu. Einmitt það er, öllu öðru framar, ætlunarverk vort meðal þjóðanna. Vér eigm að ryðja braut hinum rétta skilningi á lífinu eftir dauðann og á tilgangi lífsins. En tilgangurinn er sa, að læra allt sem lært verður í slíkum heimi. Sigra allar hindranir, sem fyrir geta orðið, og snúa í framkvæmd öllum möguleikum til góðs, sem eru í slíkum heimi. Og það er einmitt þessi skilningur, sem mun samstilla oss eins og þarf, til hins aukna sambands við hina fullkomnari. Það er að segja, þegar sá skilningur verður nógum almennur. Vér verðum, eins og vikið var á, að skilja, að annað líf, lífið eftir dauðann, er líkamlegt og jarðneskt, engu síður en hið fyrsta líf, lífið á vorri jörð, þó að munur sé nokkur. Það er alveg undirstöðumisskilningur

að ímynda sér, að annað líf sé líkamalaust og eingöngu andlegt. Vér verðum að vera efnishyggjumenn, materialistar. En göfug á sú efnishyggja að vera, sem vér ástundum, en ekki ógögug. Munurinn á því tvennu, er eins mikill og á guði og djöfli. Vér verðum að læra að gera oss líkama úr efnunum hvaða stjörnu sem er, og allsstaðar fullkomlega sterkan og fullkomlega fagran. Vér verðum að skilja, að mark vort og mið, er að verða alfullkomin vera, sjálfur guð almáttugur, og að sú stórkostlega hætta, sem er á leið lífsins, er að verða djöfull, sú vera sem algerlega er orðin í andstöðu við aðrar, og hefir af því hina mestu ánægju, sem öðrum er hin mesta kvöl.

VI

Svo miklu skiptir mál það, sem hér er vikið á, að þegar Íslendingar fara almennt að taka undir það með mér, þá munu verða hér umskipti slík sem aldrei áður. Þá mun tíðarfarið verða þannig, að mörgum komi í hug fræg orð og fullkunn úr Völuspá. — Þá mun skjótt koma í ljós, miklu betur en áður hefir getað orðið, hvílíkt efni er í þeirri þjóð, er lengi hefir þetta land byggt, við líttinn kost. Þá munu margir Íslendingar verða mjög frægir, víða um lönd, og mjög verða sóst eftir því, sem á Íslandi er framleitt og af Íslendingum.

En haldi menn áfram að vera áhugalausir um þetta mikla mál, takist ekki að fá þjóðina til að skilja sitt ætlunarverk, þá mun mjög verða á annan veg. Munu þá verða mörg tíðindi verri en varir, skemmdir af sjávargangi og öðrum ósköpum, og manndauði mikill. Og munu þeir menn, sem hugleitt hafa ýms þau tíðindi, sem orðið hafa þessi síðustu 17 ár eða svo, ekki geta verið þess duldir, hvílíkir háskatímar eru. Mundi þó fara versnandi, meðan hinn mesti sannleikur er hér minnst metinn, og góðar verur ná ekki að hafa þau áhrif sem þyrfti. En enginn má láta sér til hugar koma, að um neitt hótanakent sé að ræða í orðum þessum, fremur en ef sá sem væri að segja til um vandfarna leið, tæki það fram, að ef ekki væri haldið í tiltekna átt, þá mundu verða fyrir ógöngur og lífsháski.

Júlí '27.